

45. fundur Íslensku Vatnafræðinefndarinnar – fundargerð

Fundartími: Kl. 12–13 fimmtudaginn 14. janúar 2010

Fundarstaður: Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9

Mættir voru: Árni Snorrason (Veðurstofa Íslands), Kristinn Einarsson (Orkustofnun), Hrund Andradóttir (Háskóli Íslands), Gunnar Steinn Jónsson (Umhverfistofnun), Magnús Jóhannsson (Veiðimálastofnun), Óli Grétar Sveinsson Blöndal (Landsvirkjun) og Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands).

Ekki viðstaddir: Þóra Ellen Þórhallsdóttir (Háskóli Íslands) og Eygerður Margrétardóttir (Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar)

Dagskrá fundarins sem send var út með fundarboði:

- 1) Kynning nýrra nefndarmeðlima
- 2) Yfirlit um alþjóðasamvinnu á sviði vatnafræði
- 3) Hlutverk ÍVAN, Hvernig skipuleggjum við starf nefndarinnar?
- 4) Stefnumótunarvinna - Hvað er nauðsynlegt?
- 5) Hvernig er fjármögnun nefndarinnar? Hvað er hægt að gera til þess að styrkja starf hennar?
- 6) Önnur mál

-
- 1) **Kynning nefndarmanna.** Farið var hringinn í kringum borðið og nefndarmenn kynntu sig og sögðu frá hvaða stofnunum/fyrirtækjum þeir komu frá.
 - 2) **Starfsmaður nefndarinnar.** Kristinn Einarsson gefur ekki lengur kost á sér sem ritari (Secretary) nefndarinnar enda hefur hann nú tekið við nefndarsetu fyrir hönd Orkustofnunar. Jórunn Harðardóttir (VÍ) hefur nú tekið við af Kristni sem afhenti henni gögn og fundargerðarbók á fundinum.
 - 3) **Alþjóðasamstarf.** Árni Snorrason kynnti alþjóðasamvinnu á sviði vatnafræði með glærum (sendar með fundargerð til upplýsingar). Nokkrar breytingar hafa orðið á aðkomu vatnafræðinga innan WMO á síðastliðnu ári þar sem búið er að sameina veður og vatn undir einum hatti. M.a. var farið yfir helsta samstarf á sviði vatnafræði innan Norðurlandanna og má þar helst nefna *CHIN* samstarf (Chiefs of the Hydrological Institutes in the Nordic Countries), *Norrænu Vatnafræðinefndina NHF* (Nordisk Hydrologisk Forening; sjá <http://www.vannetinorden.com/>) og *KOHYNO* en það samstarf hefur lítið sem ekkert gert síðastliðin ár.
 - 4) **Stefnumótun.** Kristinn Einarsson dreifði plaggi sem nefndin skrifaði árið 2006 og snýr að niðurstöðum stefnumótunarvinnu sem farið var í sama ár (fylgir með fundargerðinni). Fimm áhersluatriði voru lögð fram í þeirri vinnu og var lítillega rætt um þessi atriði.
 - a. Innanlandsstarf og alþjóðasamstarf á UNESCO grunni. Upplýsingamiðlun.
 - i. Dagur vatnsins verður haldinn í mars – skoða þarf sérstaklega hvað á að gera í tilefni dagsins.
 - b. Auðlindin vatn – þema á innanlandsvettvangi.

- i. Verið er að setja fram tvö frumvörp til laga um vatn á Alþingi. Hugmynd kom fram um að fá kynningu á lögunum á opnum fundi eftir að þau hafa verið kynnt alþingismönnum.
- c. Vísindasamstarf innanlands og utan.
 - i. Gunnar Steinn spurði um aðild vatnafræðinnar að óformlegu alþjóðastarfi. Árni sagði frá FRIEND samstarfi sem tekur til flóða- og þurrkamála en Ísland er ekki beinn formlegur aðili að starfinu.
- d. Norðurslóðarannsóknir.
 - i. Northern Research Basin – alþjóðlegur hópur sem hittist á ráðstefnu annað hvert ár.
- e. Vatnadeild Auðlindaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.
 - i. Ekki hefur mikið komið nýtt fram á þessu sviði eftir að Sigurður Reynir Gíslason lét af nefndarstörfum. Erfitt er að koma þessu samstarfi á laggirnar vegna stjórnslustrúktúrs þar sem skólar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi eru ekki sérdeildir innan SP skólans í Japan.

Ákveðið var að halda áfram stefnumótunarumræðu áfram á næsta fundi nefndarinnar og nefndarmenn beðnir um að kynna sér betur áhersluatriðin fimm.

- 5) **Fjármál nefndarinnar.** Kristinn gerði grein fyrir fjármálum nefndarinnar en hún á um 750.000 kr. inni á bankabók. Orkustofnun greiðir Veðurstofu Íslands 700.000 kr. árlega upp í rekstarkostnað (m.a. fundarseta á erlendum vettvangi) en Veðurstofa Íslands kemur með mótframlag. Eitt árið var sótt um styrk til menntamálaráðuneytisins og styrkti það störf nefndarinnar um 500.000 kr. til eins árs. Engin umsókn liggur fyrir núna en hugsanlega væri hægt að sækja pening til ráðuneytisins vegna funda/ráðstefna. Athuga ætti hvort að aðildarstofnanir nefndarinnar gætu styrkt nefndina að einhverju marki.

Næsti fundur var ákveðinn 4. febrúar 2010, að Bústaðavegi 9 kl. 11:45-13:00.

Fyrirliggjandi verkefni fyrir næsta fund:

- Skoða fyrri vinnu vegna stefnumótunar.
- Dagur vatnsins 22. mars 2010 (sjá <http://www.worldwaterday.org/>). Hugmyndir um að halda kynningarráðstefnu um vatnafrumvörpin í tengslum við daginn ef dagsetningin hentar vegna kynningar frumvarpanna á Alþingi.
- Athuga með kynningu á frumvörpum til laga um vatn; Gunnar Steinn ræðir við Kristínu Lindu forstjóra UST sem stýrir stýrihópi um innleiðingu Vatnatilskipunnar og Kristinn ræðir við Guðna Jóhannesson orkumálastjóra OS í þessu sambandi.